

Fundargerð

9. Fundur framkvæmdaráðs Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn á Kaffi Krús á Selfossi, 31. janúar 2008 kl. 11:00

Mætt voru: Friðrik Pálsson, Elliði Vignisson, Snorri Finnlaugsson, Hörður Sigurgestsson og Berglind Hallgrímsdóttir. Jóna Sigurbjartsdóttir boðaði forföll. Einnig mættu starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands (APS): Steingerður Hreinsdóttir og Hrafn Sævaldsson sem ritaði fundargerð

1. **Setning fundar.** Formaður framkvæmdaráðs setti fundinn.

2. **Staða verkefna VSSV:**

Starfsfólk Atvinnuþróunarfélags Suðurlands kynnti núverandi verkefnastöðu VSSV. 16 verkefni hafa verið styrkt.

3. **Verkefni til afgreiðslu:**

1. **Reiðleiðir og þjónusta í Rangárvallasýslu:** Verkefnið gengur út að búa til gagnagrunn á veraldarvefnum um reiðleiðir o.fl. í Rangárvallasýslu. Um er að ræða samstarfsverkefni hestamanna, ferðaþjónustuaðila, landeigenda og annarra atvinnurekenda í Rangárvallasýslu. Sótt er um 2.542.000. kr. Framkvæmdaráð samþykkir fjárframlag til verkefnisins upp á 1.200.000. kr.

2. **Mörkun (e.branding) Skaftárhrepps:** Megin markmið verkefnisins er að vinna enn frekar að þeirri stefnumótunarvinnu, sem unnin hefur verið af viðkomandi klasa sem sækir um. Markmiðið klasans er að vinna að sameiginlegu markaðs- og kynningarstarfi fyrir ferðaþjónustuaðila og aðra hagsmunaaðila í hreppnum. Sótt er um 2.2 mkr. Framkvæmdaráð samþykkir fjárframlag til verkefnisins upp á 2,0 mkr.

3. **Stafagöngugarður í Skaftárhreppi:** Verkefnið gengur út að vinna enn frekar að þeirri stefnumótunarvinnu, sem unnin hefur verið af viðkomandi klasa sem sækir um. Markmiðið er að vinna að sameiginlegu markaðs- og kynningarstarfi fyrir ferðaþjónustuaðila og aðra hagsmunaaðila í hreppnum. Sótt er um 2,0 mkr. Framkvæmdaráð óskar eftir frekari upplýsingum frá klasanum. Starfsfólk APS mun vinna með klasanum að frekari framgangi verkefnisins.

4. **Pompei Norðursins:** Verkefnið tengist Heimaeyjargosinu frá 1973. Unnið er að hagnýta áhrif gossins til að auka ferðamannastraum til Eyja ásamt því að rannsóknir tengdar gosinu verða auknar. Sótt er um 2.412.187 kr. Framkvæmdaráð samþykkir umbeðin fjárstuðning til verkefnisins.

4. Verkefni framundan: Starfsmenn APS kynntu þau verkefni sem framundan eru.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir.

Fundi slitið kl. 13:30

Friðrik Pálsson

Snorri Finnlaugsson

Elliði Vignisson

Hörður Sigurgestsson

Berglind Hallgrímsdóttir

Steingerður Hreinsdóttir

Hrafn Sævaldsson